

Skýringar

Lagnir utanhúss og í grunni

Skolp- og regnvatns og jarðagnir

Lagnir skulu vera PEH Plastpípur með soðnum samskeytum eða PVC plastpípur með gúmmispéttihringjum. Frágangur og fylling að pípunum skal vera í samræmi við íslenskan staðall um frágang í jörð (sjá Ist 65). Lagnir utanhúss skal leggja á frostfri dýpi þ.e. 120 cm en heimilt er að leggja á 90 cm dýpi ef lögn er minna en 70 cm frá húsvegg eða undir snjóbræðslulögn.

Jarðvatnslögn

Í jarðvatnslögn skal nota gataðar PEH eða PVC plastpípur. Yfir jarðvatnslögn skal síðan fylla 150 mm af karpaðri drenmöl með steinastærð 7 - 30 mm.

Stútahæðir í grunni

Hæðir að müffu frá efri brún botnplötu skulu vera 20 til 30 cm. Í muffu skal síðan sett lok og staðsetning stúta merkt með teini.

Allar pípur skal leggja þannig að þær hvíli á belgnum en ekki aðeins á müffunum. Pípur skulu vera beinar á milli brotpunkta.

Kaldavatnshheimæð

Efni í kaldavatnshheimæð skal vera plast sem þoli minnst 6 bar (td. plast skv. DIN 8074). Tilgreind stærð er ytra þvermál í mm. Setja skal PEH hlífðarrör utan um kaldavatnsinntak inni í grunni. Ganga skal þannig frá stopploka fyrir utan hús að spindill komi upp úr jörð.

Á kaldavatnsinntak skal koma loki, sía, einstefnuloki og loki og skal stærð þessara tengistykka vera 25 mm að þvermáli og skulu tengistykkin hafa ofangreinda röð.

Neysluvatnslagnir

Neysluvatnslagnir innanhúss skulu vera galvaniseruð rör með skrúfuðum tengistykjum nema að annað sé tekið fram.

Allar pípur skal festa með ca. 2-3. metra millibili eftir aðstæðum og skal frágangur vera þannig að eðlileg þensla pípanna geti átt sér stað. Pípur skulu einangraðar með 15 mm þar til gerðum glerullareinangrunnarhólkum og vafðar með mjúku plasti. Að auki skal vefja kalt neysluvatn með sísalpappa. Á allar hliðargreinar skal setja 30 cm loftpúða með þvermál 25 mm.

Efni og vinna sé í samræmi við IST 67.

Neysluvatnslagnir skal brýstiprófa með köldu vatni og 12 bar og skal brýstingurinn standa í einn sólahring.

Hitalagnir

Hitalagnir eru svartar stálpípur DIN 2448, tengdar með skrúfuðum tengistykjum. Allar pípur skal festa með ca. 2-3. metra millibili eftir aðstæðum og skal frágangur vera þannig að eðlileg þensla pípanna geti átt sér stað. Pípur skulu einangraðar með 15 mm þar til gerðum glerullareinangrunnarhólkum og vafðar með mjúku plasti. Allt efni og vinna skal vera í samræmi við byggingarreglugerð.

Ofnar

Ofnastærðir og ofnafestingar

Við val á ofnastærðum skal ofnaframleiðandi reyna að hafa stærð (lengd og hæð) ofnsins eins nálægt mestu leyfilegri og unnt sé. Þessar stærðir er hægt að sjá í ofnatöflu. Ofnafestingar skal ofnaframleiðandi leggja fram, í flestum tilfellum rör með þar til gerðri rauf sem passar fyrir eyrun á ofnunum eða þar til gerðar innveggjafestingar fyrir ofna á innveggjum.

Ofnlokar

Á alla ofna skal koma ofnloki annað hvort RAVL Loki frá Danfoss eða sambærilegur, er stýrist af lofthitastigi herbergis eða FJVR loki frá Danfoss eða sambærilegur, sem stýrist af vatnshitastigi ofnsins. Ef hætta er á að loftstreymi um lokaðra sem stýrast af lofthitastigi verði ekki nægjanlegt eða ef að líkur eru á að tð staðsetning á opnanlegum fögum í gluggum hússins komi til með að trufla eðlilega virkni lokanna skal setja lokahausa með lausum skynjara.

Stillité og loftskrúfur

Á alla ofna skal koma stillité og loftskrúfur.

Ofnakerfi skal brýstiprófa með köldu vatni og 7 bar og skal brýstingurinn standa í einn sólahring.

TÁKN

FRÁRENNSLISLAGNIR

— SKÓPLÖGN
— REGNVATNSLÖGN
— JAPDVATNSLÖGN
HL HANDLAUG
VS VATNSSALERNI
EV ELDHÚSVASKUR
RV RESTIVASKUR
SV SKOLVASKUR
SB STURTUBAD
BK BADKER
GN GÖLFNIÐURFALL
NF NIDURFALL AN VATNSLÄSS
ÞV ÞVOTTAVÉL
UPV UPPVOTTAVÉL
F FALLPÍPUR
DN ÞAKNIÐURFALL

NEYSLUVATNSLAGNIR

— KALT VATN
— HEITT VATN
— KALDUR KRANI
— HEITUR KRANI
SK SLÖNGUKRANI
BRS BRUNASLANGA


HITALAGNIR

— HITALÖGN FRAMRENNSLI
— HITALÖGN BAKRANNSLI

LAGNIR O. FL.

— RENNILOKI
— EINSTREY-MISTOKU
— TANING

17 FEB 1992



BIRKIBERG 28, 220 HAFNARFIRDI
Vatns-, hita- og frárennslislagnir
Skýringarmynd
Gisli Hermannsson, Verkfæðingur (MS) Vf
Skólaskeið 16, 220 Hafnarfirði S:52154

Dags: feb 92

J.H.

Mkv: 1:50